



BÚGARÐUR
Ráðgjafafjónusta á Norðausturlandi

Fréttir og fróðleikur

Feb. 2011 Nr. 2 XXXIX. Árg. Nr.246

Ritstjóri: Vignir Sigurðsson

Aðalfundur BSSP

Fyrirhugað er að halda aðalfund BSSP 2011 að Ýdölum miðvikudaginn 23. mars næstkomandi. Nánara fundarboð ásamt drögum að dagskrá verður sent formönnum aðildarfélaganna þegar nær dregur fundartíma.

Stjórn BSSP

Bændaferð BSNP

Búnaðarsamband Norður-Pingeyinga ráðgerir bændaferð 26. -27. febrúar og er ætlunin að fara í Hrutafjörð með viðkomu í Fljótum og heimsækja bændur og skoða búskap í öðrum sveitum. Gist verður á Borðeyri og farið með rútu frá Lundi. Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við formenn sinna búnaðarféлага eða Sigurð Þór ráðunaut í síma 895-0833 eða netfangið sthg@bondi.is. Kostnaður er áætlaður um kr 16.000.- vakin er athygli á því að þetta er fræðsluferð og má gjaldfærast sem slík í rekstri.

Stjórn BSNP

Skýrsluhald nautgriparæktarinnar

Nú liggja fyrir niðurstöður úr skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar fyrir árið 2010. Skýrslubú á landinu öllu voru 607 með 23.448,1 árskú, eða meðalbú upp á 38,6 árskúr. Meðalnýt yfir landið var 5.342 kg eftir árskú og hafði lækkað um 16 kg frá fyrra ári.

Á Norðausturlandi, þ.e. Eyjafirði og Suður-Pingeyjarsýslu skiluðu 153 bú skýrslum, eða 2 færri en árið 2009. Það eru bú sem hættu á því ári. Árskúm fækkar það ár á svæðinu um 151,1, aðallega í S.-Ping. en þar voru bæði búin sem hættu mjólkurframleiðslu. Meðalbústærð minnkar um 0,5 árskúr og meðalnýt lækkar um 64 kg. Síðustu þrjú árin hafa efnahlutföll mjólkurinnar í skýrsluhaldinu ekki verið leiðrétt að mælingum úr innlagðri mjólk eins og gert var áður. Í meðfylgjandi töflu (á næstu síðu) eru hinsvegar gefin upp efnahlutföll eins og þau eru í innlögðu mjólkinni.

Tvö bú hættu mjólkurframleiðslu á árinu 2010, sitt á hvoru búnaðarsambands svæði, bæði skýrslubú. Þau eru því í árslok 151. Alls er mjólkurframleiðsla á 157 búum á svæðinu, þannig að þátttaka í skýrsluhaldinu er 96,2%. Sé gengið út frá greiðslumarkinu er hlutfallið 98,7%. Meðalinnlegg á bú var 236.104 kg í Eyjafirði og 131.050 kg í Suður-Pingeyjarsýslu.

Tafla 1. Þátttaka og meðalafurðir 2010

Félag	Tala búna	Árskýr							
		Tala	Meðal bú-stærð	Skýrslu-færð mjólk kg	Innögð mjólk				Verð-efni kg
					Fita		Prótein		
%	kg	%	kg						
BSE 2010	96	4727,5	49,2	5233	4,12	216	3,30	172	388
BSE 2009	96	4754,1	49,5	5273	4,10	216	3,33	176	392
BSSP 2010	57	1521,9	26,7	5323	4,12	219	3,33	177	396
BSSP 2009	59	1646,4	27,9	5451	4,13	225	3,33	182	406
Norðausturl. 2010	153	6249,4	40,8	5255	4,12	216	3,31	174	390
Norðausturl. 2009	155	6400,5	41,3	5319	4,11	219	3,33	177	396

Áburður á sauðfjárbúum

Áburðarpörf á sauðfjárbúum ræðst af bústærð. Magn búfjáraburðar er í beinu sambandi við búfjárfjölda og innistöðutíma. Hér gefur að líta töflu með helstu magnþölum af áburðarmagni sem þarf á sauðfjárbúum. Hér er miðað við 100 ær og 10 ær um hvern hektara af túnum, en það viðmið passar á mörgum búum en alls ekki öllum. Þetta viðmið gerir ráð fyrir að það séu ekki nema um 2,5 tonn af þurrefni uppskorið af hektara og þá er ótalið það sem tekið er með beit. 100 ær þurfa um 25 tonn af heyi mælt sem þurrefni, hér ekki gert ráð fyrir grænófóðurræktun. Notuð eru föst viðmið um áburðarþarfir túna eða 110 kg N, 20 kg P og 50 kg K. Þá er verðmæti búfjáraburðar reiknað út frá mismun á áburðarkostnaði eftir því hvort tað er nýtt og reiknað er með áburðarverði upp á 72 þús kr tonn, óháð tegundum. Samkvæmt þessu eru verðmæti búfjáraburðar eftir 100 ær um 115.000 krónur.

Sauðfjárbú 100 ær Túnstærð 10 ha

	Stærðir	N	P	K
Búfjáraburður	36 tonn	162	72	216
Áburðarpörf túna 110-20-50	10 ha	1100	200	500
Áburður 20-4-8 án búfjáraburðar	5,5 tonn	1100	267	457
Áburður 24-4-7 með búfjáraburði	3,9 tonn	938	156	274
	kr/tonn	tonn		
Kostnaður við áburð án búfjáraburðar	72.000 kr.	5,5	396,000 kr.	
Kostnaður við áburð með búfjáraburði	72.000 kr.	3,9	280,800 kr.	
Verðmæti búfjáraburðar			115,200 kr.	

Áburðaráætlanir 2011

Sem fyrr munu ráðunautar Búgarðs bjóða upp á gerð áburðaráætlana. Gjald fyrir áætlun er **6.000 kr án vsk**. Fyrir umfangsmiklar áætlanir er greitt tímagjald umfram 1 klst.

Þeir sem óska eftir áburðaráætlunum geta haft samband við skrifstofur Búgarðs á Akureyri (460-4477 Guðmundur Helgi ghg@bugardur.is eða Ingvar ib@bugardur.is), Húsavík (464-2491 María msj@bondi.is) eða Þórshöfn (8950833 Sigurður Þór sthg@bondi.is). Ef um endurnýjaða áætlun er að ræða þarf að skila inn upplýsingum um notkun á búfjáraburði og breytta nýtingu ræktunarlands. Annars þarf að skila lista yfir spildur, stærð þeirra, dreifingu búfjáraburðar og ræktun. Bent er á að áburðaráætlanir er hægt að vinna í gagnagrunnsforritinu Jörð og þar er hægt að skrá viðeigandi upplýsingar til að spara vinnu við áætlanagerðina.

Enn af áburði

Sjaldan er góð vísa of oft kveðin! Hér skal minnt á gildi þess að skipuleggja áburðarþotkun. Sérstaklega þarf að huga að því að nýta búfjáráburð (og eftir atvikum annan lífrænan áburð) sem best – það dregur úr áburðarkostnaði!

Áburðarskammtar til viðmiðunar

Ræktun	kg/ha		
Tún	N	P	K
Uppskerumikil í góðri rækt -endurræktuð	100-125	15-25	40-60
Uppskerulítill í slakri rækt -gömul tún	80-100	10-15	30-40
Á milli slátta	30-50	0-5	0-20
Grænfóður			
Hafrar, bygg, rýgresi	100-140	20-25	40-60
Repja, mergkál, næpur	100-140	30-40	70-90
Korn á fyrsta ári			
Frjósamt –framræst mýri	20-45	20-30	40-60
Meðal frjósamt-mói	50-80	20-30	40-60
Rýrt –sandur/melur	90-120	20-30	40-60
Korn á öðru ári eða síðar	+20-30		

Búfjáráburður, áætlað nýtanlegt efnainnihald (við góð skilyrði)

Búfjáráburður	Purrefni %	N kg/tonn	P kg/tonn	K kg/tonn
Kúamykja -haustdreifing	6	1,4	0,5	1,2
Kúamykja -vordreifing	6	1,8	0,5	1,6
Sauðatað -haustdreifing	30	3,0	2,0	4,0
Sauðatað -vordreifing	30	4,5	2,0	6,0
Sauðamykja -vordreifing	10	1,5	0,7	2,0
Hrossatað	20	2,0	1,0	3,0
Svínaskítur	10	3,0	1,5	2,5

Einfalt dæmi um áburðaráætlunin

	Parfir kg/ha			Búfjáráburður				Tilbúinn áburður –hrein efni NPK					
	N	P	K	Gerð	t/ha	N	P	K	Gerð	Kg/ha	N	P	K
Nýtt tún	120	25	50	Kúam. H	30	42	15	36	25-3-5	300	75	9	15
Gamalt tún	100	15	40	Kúam. V	30	54	15	48	27-0-0	200	54	0	0
Repja	130	35	75	Kúam. V	30	54	15	48	20-5-8	400	80	20	32
Korn ríkt	45	20	40	-	-	-	-	-	15-7-12	300	45	21	36

Önnur næringarefni en NPK

Rétt er að geta þess að plöntur hafa þörf fyrir fleiri næringarefni en köfnunarefni, fosfór og kalí (NPK). Alls þurfa plöntur um 20 næringarefni til vaxtar og fjölgunar. Sum þessara efna fá plöntur í nægjanlegu magni úr jarðvegi en þau efni sem nauðsynlegt er að bera á eftir atvikum nefnast áburðarefni. Þau eru auk N, P og K, kalsíum (Ca), magnesíum (Mg), brennisteinn (S), bór (B) og mólýbden (Mo). Yfirleitt er nægjanlegt Ca og Mg í jarðvegi en æskilegt er að áburður innihaldi 2-4% Ca og 1-2% Mg. Kalsíum vegur á móti sýringu jarðvegs af völdum áburðar og Mg skilar sér að einhverju leyti í fóður. Rétt er þó að benda á að hægt er að ná sömu áhrifum með því að kalka ræktunarfjörð og gæta þarf að Mg-innihaldi fóðurs þó áburðurinn innihaldi magnesíum. Á þurru landi s.s. mólendi, sandfjörð, eyrum og skriðum þarf að bera á 8-12 kg/ha af brennisteini eigi full uppskera að nást. Allur almennur túnáburður ætti því að innihalda 2-4% brennistein. Há gildi brennisteins eru hins vegar óæskileg og valda sýringu jarðvegs. /B


Fóðrun sauðfjár

Fóðrun sauðfjár ræðst af tveim þáttum, heygæðum á hverjum tíma og svo hæfileikum bóndans til velja rétta samsetningu af fóðri, sem nánast undantekningarlaust er hey, á hverjum tíma og gefa það í hæfilegu magni.

Heygæðin ráðast af meltanleika (FEm) og lystugleika. Auðvelt er að skemma úrvalshey með háum meltanleika, ef það er það illa verkað og eins er hægt að bæta upp lélegt fóður með því að hafa það vel verkað þannig að það étist vel. Parna er reynslan besti kennarinn.

Fóðuráætlun

Hér fylgir með í töflu fóðuráætlun fyrir sauðfjárú þar sem viðmið er sett 100 fullorðnar ær og 50 gemlingar. Þessi tafla verður sett inn á heimasíðuna bugardur.is og þar geta menn slegið inn eigin forsendur og séð hvernig þeirra fóðrun passar við hinar reiknuðu forsendur. Helstu forsendur eru þær að 65 kg ær þarf 0,64 FEm á dag til viðhalds og átgetan er takmörkuð sérstaklega ef heyið er í lélegri kantinum. En ef við gerum ráð fyrir því að ærin eigi að þyngjast um 10-12 kg fram að sauðburði að meðtöldum fósturþroska þá þurfa þær að þyngjast um 70 g/dag að jafnaði en mestu þyngingunni viljum við yfirleitt ná fram með fengiðinu. Ærin þyngist um 178 g/dag fyrir hverja Fem sem hún fær umfram viðhaldsþarfir. Þetta þýðir að ærin þarf um 0,4 FEm/dag til að þyngjast um 70 g á dag. Samtals er því meðal fóðurþörf um 1,04 FEm á dag sem eru um 1,3 kg af þurrefni miðað við hey sem er 0,8 FEm/kg þe, eða 1,9 kg af 70% þurru heyi. Þumalputtareglan varðandi át áa er sú að ærmar geti étið tvöfalt fóðurgildi heysins. Ef heyið er 0,8 FEm/kg þá getur ærin étið 1,6 kg af þurrefni en ef heyið er 0,7 FEm þá gæti ærin étið 1,4 kg af þurrefni, Gildir þetta fyrir vel verkað, þurrlegt hey.

Fóðuráætlun á sauðfjárú - ær og gemlingar										 BÚGARDUR Ráðgjafþjónusta á Norðausturlandi			
Slaðu þinar forsendur inn í hvítu reiti líkansins og sjaðu sjálfur...					Þvermal rúllu, (m): 1,2 Kg þe. í rummeter: 180 Rúmmál rúllu: 1,4 kg þe í: 244								
Upphaf innistöðu	15.nóv.												
Upphaf fengiðar	09.des.												
Upphaf sauðburðar	01.mai.		Fem til viðhalds										
Meðalþungi áa að hausti	65 kg.		0,64										
Meðalþungi geml. að hausti	50 kg.		0,53										
Þynging													
Ær (tvílembur):	Timabil:	Daga-fjöldi:	Áætlað heyt, kg þe./dag	Hey-flokkur	Fjöldi áa	Heyþörf tonn/þe	Fjöldi rúlla	Fem dag	umfram til vaxtar	Vöxtur g/dag	á tímabili kg	Þungi í lok tímabils kg	Rúllur á dag
Haustrfóðrun	15.nóv. - 28.nóv.	13	1,3	B	100	1,7	7	0,975	0,33	59	0,8	66	0,5
Fengið	29.nóv. - 28.des.	29	1,8	A	100	5,2	21	1,44	0,80	142	4,1	70	0,7
Miðsvetrarfóðrun	29.des. - 18.mar.	79	1,3	C	100	10,3	42	0,91	0,27	48	3,8	74	0,5
100. - 130 d. meðgöngu:	19.mar. - 18.apr.	30	1,4	B	100	4,2	17	1,05	0,41	73	2,2	76	0,6
131.-144 d. meðgöngu:	19.apr. - 30.apr.	11	1,4	A	100	1,5	6	1,12	0,48	85	0,9	77	0,6
1.-2. vika eftir burð:	01.mai. - 15.mai.	14	2,2	A	100	3,1	13	1,76	1,12	199	2,8	80	0,9
Gemlingar (einlembur):													
Fram að seinni rúningi:	15.nóv. - 12.mar.	117	1,0	B	50	5,9	24	0,75	0,22	40	4,7	55	0,2
Frá snóruþingi að burði:	12.mar. - 30.apr.	49	1,2	A	50	2,9	12	0,96	0,43	77	3,8	58	0,2
Eftir burð:	01.mai. - 15.mai.	14	1,5	A	50	1,1	4	1,2	0,67	120	1,7	60	0,3
					35,8	147							
Gröfðóður:													
	Tonn	Oryggis-mörk	Rúllur alls:	Gæðaf. %	Fem kg þe								
Hey í A-flokki (úrvalshey):	14	10%	62	39	0,8								
Hey í B-flokki (gott hey):	12	10%	53	33	0,75								
Hey í C-flokki (sæmil. hey):	10	10%	46	29	0,7								
Samt. m. oryggismörkum:	36		161	100									

Fyrir lembda gemlinga gilda sömu lögmál nema fóðurþarfir þeirra eru minna breytilegar, þar gildir reglan um jafna og góða fóðrun allan tímann, og fylgja þeim vel eftir samhliða því sem átgetan þeirra vex.

Steinefni

Hér fylgir tafla yfir steinefnaþarfir sauðfjár og hvernig þær eru uppfylltar með heygjöf, er þá miðað við efnainnihald í viðmiðunarheyi. Miðað við það eru þarfir fyrir magnesíum uppfylltar en alltaf er þörf fyrir natríum eða salt. Miðað við mismun upp á 0,8 grömm af Na á dag ættu 100 ær að klára

Viðhorf bænda

Hvað gera bændur þá?

Fréttir af síhækkandi matvælavæðingum á heimsmarkaði hafa verið áberandi að undanförmu. Þar kemur vísast margt til en ekki munar minnst um ýmsar náttúruhamfarir sem leikið hafa mikilvæg kornræktarsvæði grátt og virðist lítið lát á þeim ósköpum. Verðhækkningar koma líkt og áður verst við þá efnaminnstu og allt útlit er fyrir að milljónir muni svelta af þessum sökum. Í samanburði við það verða afleiðingarnar hér á landi vissulega fremur léttvægar en samt sem áður er ástæða til að velta þeim fyrir sér.

Það gefur auga leið að innfluttar matvörur munu hækka verulega, svo og ýmsar þær afurðir íslenska matvælaíðnaðarins sem unnar eru að miklu leyti úr innfluttum hráefnum. Af þeim sökum má búast við að nokkuð þrengi að innlendum landbúnaðarvörum að því gefnu að almenningur verji álíka stórum hluta af tekjum sínum til að kaupa í matinn og áður. Það er þó huggun harmi gegn að í ljósi þess hve kaupmáttur landsmanna hefur rýrnað frá því að pappírshagkerfið sáluga fuðraði upp um árið, hafa íslenskar landbúnaðarafurðir haldið sínu furðu vel.

Horfurnar eru öllu dekkri þegar kemur að flestum aðföngum til landbúnaðarins. Þegar verð á kornvöru rýkur upp úr öllu valdi, finna bændur óspart fyrir því í kjarnfóðurkaupum enda koma t.d. maís, hveiti og bygg þar mjög við sögu. Sama máli gegnir um áburðarverðið sem hefur þróast með þeim ólíkindum á síðastliðnum árum að því verður einna helst jafnað við það þegar Münchhausen barón dró sig upp á hárinu forðum daga – en það fyrrnefnda er víst staðreynd eigi að síður.

Þó að ekki verði hjá því komist að sækja eitthvað af þessum kostnaðarauka okkar bænda til neytenda getum við ekki reiknað með því að honum verði öllum velt út í verðlagið. Við höfum vissulega notið meiri velvildar meðal almennings á allra síðustu árum heldur en áður var en við vitum að það eru takmörk fyrir því hversu hátt sá bogi verður spenntur án þess að hann bresti. Þess vegna verðum við líka að horfa á hinn enda framleiðsluferilsins.

Nei, hér verður ekki talað um hina eilífu „hagræðingu“ þar sem hver og einn klípur meira og meira af sínum rekstri. Flestir hljóta nú þegar að hafa gengið þá götu á enda og efamál að frekari æfingar af því taginu skili nokkru þegar upp er staðið. Við þurfum, í sameiningu, að taka stór skref sem skipta máli til langs tíma lítið og fá í lið með okkur allt það fólk sem hefur virkilegan áhuga á að hér verði framleidd holl matvæli á viðráðanlegu verði í framtíðinni.

Við eigum að stefna að því að hér verði framleiddur allur sá köfnunarefnisáburður sem innanlandsmarkaður þarfnast, að minnsta kosti, í stað þess að hann sé fluttur inn frá aðilum sem knýja verksmiðjur sínar að mestu með jarðefnaeldsneyti. Við eigum að vinna að því að ekki verði tekið meira af góðu ræktarlandi til annarra nota, hvað sem tautar og raular; það þarf ekki próf í hagfræði til að sjá að það er dýrara að yrkja rýrt land en frjósamt. Og við verðum að hugsa um það í alvöru hvort við ætlum að halda áfram að byggja í svo ríkum mæli á innfluttu kjarnfóðri eða láta virkilega reyna á það að framleiða það að mestu heima fyrir með minni tilkostnaði. Eitt er víst: íslenskur landbúnaður stendur ekki undir því að greiða niður fjárfestingu í mörgum fóðurverksmiðjum sem hver um sig gæti annað allri eftirspurninni og meira til.

*Steinþór Heiðarsson Ytri-Tungu
Ég skora á Geir Árdal í Dæli að rita næsta pistil*